

Sp. **607. Breytingartillaga** [53. mál]

við till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumörkun í upplýsinga- og tölvumálum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvornig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið héraendis og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982.